

# Regína Hansen Guðbjörnsdóttir

## Lækjarbraut 2

Kæru Kjósverjar mig langar að bjóða fram krafta mína í komandi sveitastjórnarkosningum þann 26. maí næstkomandi og leita eftir þínum stuðningi.

---



### Áherslur mínar:

- Bættar samgöngur: bætt vegakerfi til að tryggja öryggi íbúa og annarra sem eiga leið um fallegu sveitina okkar, í því felst að vegir verið lagaðir og séu eftir Evrópustaðli.
- Hækka frístundagreiðslur og samgöngustyrki. Auðvelda unga fólkinu okkar að stunda sína tómstund og nám.
- Umhverfismál: Huga ber að nær- og fjærumhverfinu.
- Ábyrga stjórnsýslu og þjónustu við íbúa.

### Starfsferill:

Í dag starfa ég á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Ég hef unnið í fjölbreyttum störfum í gegnum tíðina sem dagforeldri, starfsmaður á leikskóla, sölumaður, umboðsmaður og við innheimtu og fjármálastörf.

### Menntun:

BS í Viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar.

### Aðrar upplýsingar:

Ég á 3 börn (30 ára, 16 ára og 8 ára) og 2 barnabörn, ég er gift Svani Kristinssyni bifvélavirkja og eigum við og rekum Bifreiðaverkstæði Svans, við höfum mikinn áhuga á allri útivist, ferðalögum og erum mikið stangveiðifólk. Alla barnæsku mína dvaldi ég öll sumur í sveit bæði fyrir vestan og norðan og bý ætíð af þeirri reynslu. Velferð barna og unglinga skipta mig miklu máli.

### Félagsstörf:

Er félagskona í Kvenfélagi Kjósarhrepps og er gjaldkeri félagsins. Er í skólaráði Klébergsskóla. Er í Starfshópi sem vinnur að sameiningarferli Klébergsskóla um framtíðarsýn og skipulag samrekens leikskóla og grunnskóla með samþættu frístundastarfi og tónlistarnámi ásamt íþróttamiðstöð.

Bestu kveðjur

Regína Hansen Guðbjörnsdóttir

[reginahanseng@gmail.com](mailto:reginahanseng@gmail.com) / 6992776